

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

3. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 7. október 2013 á skrifstofu íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Pytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH), Sigurjón Andersen (KK), Ingvar Kristinsson (Björk), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Gunnar Bjarnason (AÍH), Þórarinn Sófusson (GSE), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Halldóra Einarsdóttir (Sörli). Forföll: Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

1. Iðkendatölur aðildarfélaga fyrir árið 2012 og útreikningur lottógreiðslna

Lagðar fram öðru sinni, búið að bæta iðkendatölum frá Hjólreiðafélaginu Bjarti inn í tölurnar það var búið að færa þær inn í Felixkerfið, en voru ekki í rétttri möppu í kerfinu. Fundarmenn samþykktu að nota tölurnar við skiptingu næstu tekna frá Íslenskri getspá.

2. Kynning á niðurstöðum nefndar um iðkendatölur

Ingvar Kristinnson formaður nefndarinnar kynnti helstu niðurstöðurnar og lagði fram minnisblað nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru Magnús Gunnarsson frá Haukum, Ragnar Hilmarsson frá Siglingaklúbbnum Pyt og Viðar Halldórsson frá FH. Ákveðið að nefndin ásamt framkvæmdastjóra ÍBH fundi með forsvarsmönnum Nórakerfisins þ.e. Greiðslumiðlun um færslu á gögnum úr Nórakerfinu yfir í Felixkerfið og önnur vandamál sem eru enn til staðar í Nórakerfinu.

3. ÍSÍ bikar

Fundarmenn hvattir til að kynna sér útsent bréf frá skrifstofu ÍBH og fara yfir það með fólkinu í sínu félagi og sækja um. Skilafrestur umsókna er 18. nóvember til skrifstofu ÍBH. Stjórn ÍBH velur síðan næsta handhafa ÍSÍ bikarsins á stjórnarfundi 29. nóvember nk. ÍSÍ bikarinn er síðan veittur á næstu íþróttahátíð Hafnarfjarðarbæjar sem fer fram milli jóla og nýárs.

4. Kynning á stefnumótunaryvinnu Capacent fyrir ÍBH

HM greindi frá vinnunni í stuttu máli, þ.e. viðtölum við formenn / fulltrúa félaga, ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar. Netkönnun sem yrði send á fulltrúa allra aðildarfélaganna 17 í stjórn ÍBH og að Capacentfólk skoði öll gögn ÍBH í þessum fyrsta hluta verkefnisins.

5. Kynning á endurskoðun samnings milli ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæjar

HM kynnti vinnuna í stuttu máli. Rio Tinto Alcan heldur framlagi sínu óbreyttu næstu 3 árin sem er 9 milljónir á ári, Hafnarfjarðarbær stefnir að því að hækka framlag sitt um 3 milljónir á ári, þ.e. úr 6 milljónum í 9 milljónir sbr ákvæði sem eru í þeim samningi sem er að renna út. Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbær vilja setja inn ákvæði um kynjahlutföll inn í iðkendahluta samningsins og er unnið að nýjum reglum í sambandi við það sem verða síðan settar inn í nýjan samning.

6. Umræður um endurskoðun rekstrarsamninga aðildarfélaga ÍBH

Allir sammála um að ná þurfi skerðingu til baka sem fyrst, síðan verði að stefna að endurskoðun og hækkun hjá hverju félagi fyrir sig. Þjónustusamninga stærri félaga þarf nauðsynlega að leiðrétta strax. Varðandi eignaskiptasamninga er eingöngu búið að ræða við Golfklúbbinn Keili.

7. Fjölgun fyrirmyndarfélaga og deilda innan ÍBH

Lagðar fram upplýsingar af heimasíðu ÍSÍ um fyrirmyndarfélög og –deildir ÍSÍ innan ÍBH sem eru of fá. Fundarmenn tóku neikvætt í að fjölga fyrirmyndarfélögum og –deildum ÍSÍ innan ÍBH. Sögðu umsóknarferlið krefjast mikillar vinnu sem skili sér ekki í bættu starfi. Ávinningurinn væri enginn. Ef það væri fjárstyrkur frá bæjarfélaginu út á fyrirmyndarfélagsheitið væri mögulega hægt að skoða málið. Vantar úttekt / eftirlit á fyrirmyndarfélaginu af hálfu ÍSÍ.

8. Endurnýjun kynningarspjalda aðildarfélaga ÍBH

Á veggjum skrifstofu ÍBH og á gangi fyrir framan skrifstofu ÍBH í Íþróttahúsinu við Strandgötu hanga kynningarspjöld um aðildarfélög ÍBH og ÍBH. Kynningarspjöldin voru gerð árið 2001. Fundarmenn sammála um að uppfæra þurfi þessar upplýsingar til dagsins í dag í samráði við hvert félag og verður byrjað á því. Hvort gerð verði ný kynningarspjöld eða settar saman myndrænar upplýsingar sem hægt er að sýna í sjónvarpi verður ákveðið síðar.

9. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ um opnun Hreyfitorgs.
- b). Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsóknum í íþróttasjóð.
- c). Bréf frá ÍSÍ þar sem óskað er eftir umsóknum um þjálfarastyrki.
- d). Bréf frá ÍSÍ og Háskólanum í Reykjavík um málþing um höfuðhögg í íþróttum.
- e). Bréf frá ÍSÍ um haustfjarnám 2013 í þjálfaramenntun 2. stigs ÍSÍ.
- f). Bréf frá ÍSÍ um haustfjarnám 2013 í þjálfaramenntun 1. stigs ÍSÍ.
- g). Bréf frá ÍSÍ og Háskóla Íslands um ráðstefnu um velferð eldri Íslendinga.

10. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.20

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir